

2.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn þriðjudaginn 8.júni kl. 17.00 á skrifstofu sambandsins í Laugardal. Mættir: Kári Rafn, Guðjón, Auðunn, Birgir, Sigurjón og Gry.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Sagt frá heimsókn stjórnarmanna hjá UMF Selfoss. Þar hefur verið skipuð ný stjórn, formaður er Bryndís Ólafsdóttir.
3. Stjórnin lýsir þeirri skoðun sinni að opinberir styrkir til íþróttamála fari til aðila innan ÍSÍ.
4. Stjórnin felur Guðjóni að kanna skráningu félagsmanna í Felix.
5. Ný heimasíða kraft.is er komin í loftið. Stjórnin þakkar Klaus Jensen fyrir hans velvild og mikla vinnu í þágu sambandsins.
6. Stjórnin ákvað að hafa það fyrirkomulag framvegis að greiðslu keppnisgjalda verður að inna af hendi áður en skráning á mót tekur gildi. Gry sér um framkvæmd.
7. Mótaskrá. Mótanefnd falið að finna mótshaldara fyrir bikarmót 2010, ÍM bekk 2011 og ÍM 2011.
8. Stjórnin hefur hug á að halda alþjóðlegt mót á Íslandi fljótlega. Málið skoðað áfram. Gry verður fulltrúi KRAFT á þingi Norðurlandasambandsins í Noregi í lok ágúst.
9. Landsliðsmál. Stjórnin felur landsliðsnefndinni að móta tillögur um val og undirbúning landsliða fyrir alþjóðakeppni. Nefndinni var líka falið að gera tillögu um landsliðsbúninga.
10. Fjármál. Sambandið hefur fengið kennitölu og bankareikning. Gjaldkeri vinnur með ÍSÍ vegna greiðslu styrkja.
11. Dómaramál. Stjórnin ákvað að beita sér fyrir því að fjölga alþjóðadómurum sambandsins og bjóða upp á dómaramámskeið í haust. Dómalisti KRAFT er í endurskoðun. Ákveðið var að boða formann dómaramefndar á næsta stjórnarfund og ræða þessi mál nánar.
12. Önnur mál. Borist hefur erindi frá kraftlyftingadeildar Breiðabliks varðandi kynningu á íþróttina í fjölmiðlum. Ákveðið var að boða fjölmiðlafulltrúa sambandsins á næsta stjórnarfund og fara yfir þessi mál.

Fundarritari Gry Ek